

til laga um skiftingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll.

Flutningsm.: Jón A. Jónsson og Sigurjón Jónsson.

Hólssókn í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi skal vera sjerstakt prestakall.

#### Ástæður.

Söfnuðunum í Ísafjarðarprestakalli hefir um langan tíma verið skifting þessi á prestakallinu mikið áhugamál. Synodus hefir gefið eindregin meðmæli skiftingunni, hjeraðsfundir samþykkt hana og biskup hefir verið og er henni meðmæltur.

Fólkstala í prestakallinu hefir verið:

árið 1801	514,	þar af í Hólssókn	244
— 1880	1292,	— - - —	346
— 1920	3783,	— - - —	935

Af þessu má sjá, að fólki hefir fjölgað óvenjumikið í prestakallinu síðari áratugi og að færri prestaköll landsins yrðu fjölmennari en Hólsprestakall.

Þar við bætist, að fleiri hundruð aðkomumanna dvelja í Bolungarvík yfir vorvertíðina.

Ekki myndi þó farið fram á skiftingu prestakallsins af þessum ástæðum einum saman, en aðalástæðurnar til þess eru:

Að leiðin milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur er svo erfið og hættuleg, að með einsdæmum mun vera milli sókna. Landleiðin stórhættuleg vegna jarðfalla og grjótkasts vor og haust og snjóflóða á vetrum, enda oft orðið að slysum, t. d. fórst sóknarpresturinn frá Ísafirði á þessari leið (Óshlið) í annexuferð að Hóli á öndverðri 19. öld.

Sjóleiðin er einnig ill, einkum vegna sviftibylja, og alkunn er lendingin í Bolungarvík fyrir stórbrim, sem tept getur ferðir í fleiri daga, þótt veður sje sæmilegt til sjóferða að öðru leyti.

Svo er aðalástæðan sú, að íbúar Hólssóknar þykjast mjög vanhaldnir í prestspjónustu, þrátt fyrir skyldurækni sóknarprestsins, sem eingöngu stafar af þeim ástæðum, sem nefndar hafa verið, fólksfjölda í prestakallinu og hinum erfiðu og hættulegu ferðum milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

Þar við bætist, að íbúar þorpsins Hnífsdals hafa ákveðið að byggja þar í þorpinu kirkju og fá þar grafreit. Þessar framkvæmdir, sem eru að öllu eðlilegar og sjálfsagðar frá sjónarmiði þorpsbúa, munu auka störf sóknarprestsins og Hólssókn verða enn ver sett með prestspjónustu en nú er.

Að lokum skal þess getið, að prestspjónustukostnaður er nú orðið lítt bærilegur presti og safnaðarmönnum.

Þar sem allflestir háttv. þm. eru kunnir málavöxtum frá meðferð málsins á þingi 1921, þykir ekki ástæða til frekari greinargerðar.